

Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi

Greinargerð

Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi

Greinargerð

ANP 2004:742

**Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi
Greinargerð**

ANP 2004:742

© Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn 2004

ISBN 92-893-1003-0

Norræna ráðherranefndin

Store Strandstræde 18

DK-1255 Kaupmannahöfn K

Simi (+45) 3396 0200

Simbref (+45) 3396 0202

Norðurlandaráð

Store Strandstræde 18

DK-1255 Kaupmannahöfn K

Simi (+45) 3396 0400

Simbref (+45) 3311 1870

www.norden.org

Norræna Ráðherranefndin

var stofnuð árið 1971 sem samstarfsvettvangur ríkisstjórna Norðurlanda. Ráðherranefndin leggur fram tillögur á þingum Norðurlandaráðs, vinnur úr samþykktum ráðsins, gerir Norðurlandaráði grein fyrir niðurstöðum samstarfsins og stjórnar starfinu á hinum ólíku sviðum. Umsjón með samræmingu samstarfisins hafa samstarfsráðherrar sem valdir eru af ríkisstjórnnum viðkomandi landa. Samsetning Ráðherranefndarinnar er mismunandi og ræðst af því hvaða málefni er til meðhöndlunar.

Norðurlandaráð

var stofnað árið 1952 sem samstarfsvettvangur þjóðþinga og ríkisstjórna Danmerkur, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Þremur árum síðar bættist Finnland í hópinn. Fulltrúar Færeyja og Grænlands eru hluti landsdeildar Danmerkur, og fulltrúar Álands eru hluti þeirrar finnsku. Í Norðurlandaráði eiga sæti 87 fulltrúar. Norðurlandaráð tekur frumkvæði, veitir ráðgjöf og hefur með höndum eftirlit með norrænu samstarfi. Starfsemi Norðurlandaráðs fer fram á Norðurlandaráðsþingum, í forsætisnefnd Norðurlandaráðs og í fastanefndum þess.

Efnisyfirlit

1. Formáli	7
2. Forsendur greinargerðarinnar	8
2.1 Bakgrunnur, skilgreiningar og markmið	8
2.2 Grannpólitík stefnumarkandi norrænt hagsmunamál	9
3. Þungamiðja greinargerðarinnar	11
3.1 Samvinna utan ramma Helsinkisáttmálans	11
3.1.1 Svæðisbundið vestnorrænt samstarf	11
3.1.2 Norrænt samstarf byggt á sérstökum samningsgrundvelli	12
3.1.3 Tvi- eða fjöhlíða samstarf sem Vestur-Norðurlönd og grannríkin/svæðin eiga aðild að	12
3.2 Samstarf innan ramma Helsinkisáttmálans	13
3.2.1 Norrænt samstarf á Vestur-Norðurlöndum	13
3.2.2 Norrænt samstarf sem snertir grannríki/svæði Vestur-Norðurlanda	13
4. Pólitísk átakssvið á Vestur-Norðurlöndum og grannsvæðum	14
4.1 Kortlagning átakssviða norræns samstarfs á Vestur-Norðurlöndum	14
4.1.1 Náttúruauðlindir	14
4.1.2 Rannsóknir	14
4.1.3 Þema 3: Menntun	15
4.1.4 Þema 4: Heilbrigðismál	15
4.1.5 Atvinnuvegir, flutningar, ferðaþjónusta, samgöngur, vinnumarkaður	16
4.1.6 Neytendur/neytendavernd	16
4.1.7 Menning	17
4.1.8 Samstarf um tengslanet	17
4.2 Kortlagning átakssviða í norrænu samstarfi við granna Vestur-Norðurlanda	17
5. Tilmæli vinnuhópsins	19
5.1 Umhverfi sjávar og auðlindir	19
5.2 Flug- og aðrir flutningar á Vestur-Norðurlöndum	19
5.3 Lánasjóður Vestur-Norðurlanda	20
5.4 Norður-Atlantssamstarf (NORA)	20
5.5 Norrænu húsin í Þórshöfn og Reykjavík og Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	20
5.6 Tengslanet og samvinna milli frjálsra félagasamtaka á Vestur-Norðurlöndum	20

6. Samband Norðurlanda við granna í suðvestri og vestri21

Yfirlit yfir fylgiskjöl

<i>Fylgiskjal 1: Umboð vinnuhópsins varðandi</i>	
<i>Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi</i>	23
<i>Fylgiskjal 2: Yfirlit yfir bakgrunnsefni; heimildir</i>	26
<i>Fylgiskjal 3 Lýsing á norrænu Atlantssamstarfi (NORA)</i>	27
<i>Fylgiskjal 4: Lýsing á Lánasjóði Vestur-Norðurlanda</i>	29

1. Formáli

Vinnuhópurinn varðandi Vestur-Norðurlönd skilar hér með af sér greinargerð til samstarfsráðherranna – *Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi – greinargerð*, maí 2003. Greinargerðinni fylgir sérstök fagleg greinargerð fyrir samtals 16 lönd/svæði á og umhverfis Vestur-Norðurlönd, *Vestur-Norðurlönd og grannar þeirra*, unnin samkvæmt pöntun af Nordregio, maí 2003. Vinnuhópurinn tekur fram að afmörkun landsvæða sem lýst er stjórnast af hagsýnissjónarmiðum. Þar er ekki um neina endanlega skilgreiningu á Vestur-Norðurlöndum og grönnum þeirra að ræða.

Umboð vinnuhópsins var samþykkt af norrænu samstarfsráðherrunum í október 2002, með það í huga að greinargerð hópsins skyldi unnin á fyrri hluta ársins 2003. Vinnuhópurinn hóf störf í nóvember og greinargerð er skilað í maí 2003. Norrænu samstarfsráðherrarnir geta því tekið hana til umfjöllunar í sambandi við fund í júní 2003. Hópurinn hélt fimm fundi og fóru þeir fram í Kaupmannahöfn, Osló og Reykjavík. Mælt var til að hópurinn tæki tillit til tilmæla Norðurlandaráðs 16/2002 við vinnu sína. Vinnuhópurinn telur að greinargerðin feli í sér þá kortlagningu sem sóst er eftir í tilmælum 16/2002 og að greinargerðin sem slík feli í sér æskilegan umræðugrundvöll varðandi Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi.

Í framhaldi af kortlagningu greinargerðarinnar á mikilvægum þemum til áframhaldandi eða öflugra samstarfs á Vestur-Norðurlöndum og við granna þeirra mælir vinnuhópurinn með vissum tillögum sem talið er að stuðli áþreifanlega að aukinni virkni í norrænu samstarfi með sérstakri áherslu á greinilegt pólitískt vægi starfseminnar, eins og lögð er áhersla á í umboðinu.

Vinnuhópurinn hefur hér með lokið störfum.

Kaupmannahöfn, maí 2003

2. Forsendur greinargerðarinnar

2.1 Bakgrunnur, skilgreiningar og markmið

Í þessari greinargerð takmarkast Vestur-Norðurlönd við Ísland, Færeyjar og Grænland. Raunar ná vestnorræn samstarfstengsl oft út fyrir það svæði og er þá norska strandlengjan talin með. Með því að taka þann pól í hæðina gefst rými fyrir sveigjanleika sem getur komið sér vel, en jafnframt er kjarni greinargerðarinnar vel skilgreindur. Í þessari afmörkun er Norður-Atlantshafið sem slíkt hluti af víðtækri vestnorrænni heildarsýn.

Vestur-Norðurlönd eru óaðskiljanlegur hluti af Norðurlöndunum og norrænu samstarfi. Jafnframt er ljóst að Vestur-Norðurlönd búa við sérstakar aðstæður sakir fámennis og mikilla fjarlægða. Loftslag er kalt og þau eru afar háð hafinu og auðlindum þess. Vegna þessara sérstöku aðstæðna hefur að vissu leyti þótt ástæða til að skapa þeim sérkjör innan norræns samstarfs. Það gildir til að mynda um staðsetningu og sérsvið norrænna stofnana. Vegna fjarlægðarinnar hefur einnig verið talin ástæða til að veita vestnorrænum aðilum sérstaka fjárhagsaðstoð til þátttöku í norrænum samstarfsverkefnum.

Samstarf Norðurlanda við grannríki og -svæði í norðvestri var hluti af „Spekingapallborðsumræðunum“ 1999-2000 („Norðurlönd 2000 – Umvafin vindum veraldar“). Umræðuhópurinn, sem var skipaður samstarfsráðherrum (MR-SAM), gekk út frá tilhneigingum til víðtæktrar hnattvæðingar og beindi sjónum m.a. að umhverfi sjávar og þar með líka að samstarfi ríkja/svæða við eða í Norður-Atlantshafi. Norræna ráðherranefndin fylgdi hugleiðingum Spekingaumræðuhópsins eftir árið 2001 með „Nýrri norrænni dagskrá – 2. hluta: Nýjum skipulagsáherslum“. Samstarfsráðherrar létu þá skoðun í ljós að samstarfið á Vestur-Norðurlöndum yrði að samsvara sérþörfum svæðisins og stefna bæri að áframhaldandi samhæfingu við fleiri strandríki við Norður-Atlantshaf á sviði sameiginlegra hagsmuna, m.a. umhverfis Norður-Atlantshafs, menningarsamskipta og viðskiptasambanda. Í framhaldi af því var samþykkt að „Norræna ráðherranefndin íhugaði verkefni í samvinnu við strandsvæði norrænu grannríkjanna í vestri á sviði norrænna forgangsmála“.

Haustið 2002 ræddu samstarfsráðherrar innan Norrænu ráðherranefndarinnar samstarf á Vestur-Norðurlöndum. Þeir gengu út frá þeirri viðteknu skoðun að öflugri samvinna á Vestur-Norðurlöndum væri í þágu norrænna hagsmuna og gæti líka verið raunhæf í sambandi við grannana. Áhersla var lögð á að ef samstarfið yrði pólitískt sýnilegra hefði það gildi fyrir norrænt samstarf í heild. Jafnframt var ákveðið að hugsanlegar lausnir fælust ekki í því að móta nýja samstarfsstefnu varðandi Vestur-Norðurlönd og heldur ekki í áætlunum um sérmerktar fjárveitingar til Vestur-Norðurlanda. Loks var lögð áhersla á að þótt stjórn Norrænu ráðherranefndarinnar beindi sjónum í auknum mæli í vestur hlytu menn að einbeita sér að norrænni samvinnu á Vestur-Norðurlöndum og norrænu samstarfi við granna þeirra – sem viðbót við það tvíhliða samstarf sem fyrir hendi er milli norrænna landa og granna Vestur-Norðurlanda.

Í ljósi þess ákvað MR-SAM að afla sér upplýsinga um möguleika þess að auka pólitískt vægi vestnorrænnar starfsemi á vegum Norrænu ráðherra nefndarinnar. Til að skjóta stoðum undir það ákváðu samstarfsráðherrarnir að skipa norrænan vinnuhóp sem skyldi fyrir júnílok 2003 semja greinargerð og yrði hún síðan rædd á meðal samstarfsráðherra (sjá fylgiskjal með umboði). Tilgangurinn er að „...lýsa möguleikum á auknu pólitísku vægi vestnorrænnar starfsemi á vegum Norrænu ráðherra nefndarinnar. Greinargerðin skal nýtast Norrænu samstarfsnefndinni/Norrænu samstarfsráðherra nefndinni til frekari pólitískra umræðna um það hvernig reifa megi málið og þar skal vera að finna tillögu sem leggja má til grundvallar ákvörðunum um skipulagðar aðgerðir undir norrænni stjórn. Auk þess ættu að felast í greinargerðinni hugleiðingar og tillögur til umsagnar í einstökum löndum/svæðum innan Norðurlanda“.

Í tilmælum 16/2002 frá Norðurlandaráði til Norrænu ráðherra nefndarinnar er vakið máls á „Vestur-Norðurlöndum í norrænu samstarfi“ og mælt til að gert verði yfirlit yfir þau mál sem á brenna í þessu sambandi og leggja mætti til grundvallar skoðanaskipta milli Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherra nefndarinnar varðandi framtíðartilhögun og forgangsroðun samstarfsins. Samstarfsráðherrar mæltust til við vinnuhópinn að hann léti sig tilmæli 16/2002 (álit forsætisnefndar á þingmannatillögunni „Réttum Vestur-Norðurlöndum hönd“) varða, þannig að greinargerð vinnuhópsins fæli í sér það yfirlit sem óskað er eftir og skapaði æskilegan grundvöll fyrir skoðanaskipti.

2.2 Grannpólitík stefnumarkandi norrænt hagsmunamál

Vinnuhópurinn leggur þann skilning í „stefnumarkandi norrænt hagsmunamál“ að þar sé fyrst og fremst um að ræða mótun aðferða til að standa við og þróa gott nágrannasamband milli Norðurlandanna og grannanna í vestri, ásamt samvinnu um mál sem varða sameiginlega hagsmuni. Í framhaldi af því gengur vinnuhópurinn út frá því að sú tilhneiging til efnahagslegrar og pólitískrar hnattvæðingar sem nú á sér stað hafi yfirleitt – og í höfuðatriðum – jákvæð áhrif á samstarfið. Einkum er stjórnun á hafinu og auðlindum þess á Vestur-Norðurlöndum og öðrum landsvæðum kringum Norður-Atlantshaf áþreifanlegt hagsmunamál allra Norðurlanda, þar sem hagkvæm stefnumörkun og samvinna á þessu stóra svæði væru beinlínis til bóta fyrir alla aðila. Samstarfið hlýtur augljóslega fyrst og fremst að mótast innan ramma sjálfbærrar þróunar. Aukin samskipti stjórnvalda skipta sköpum fyrir eflingu samstarfsins, bæði í breidd og faglegru dýpt, gjarnan í formi öflugs tengslanets. Einnig skal tekið fram að tengslanet gæti verið lyftistöng fyrir samstarf samtaka sem starfa á eigin vegum.

Vinnuhópnum er vel kunnugt um að Norræna ráðherra nefndin hefur áður þróað „nágrannastefnu“ í ýmsu formi með önnur „heimshorn“ í huga, t.d. stefnu í samstarfi við grannsvæði í austri og stefnu í samstarfi við norðurskautssvæðið. Nú leitast menn við að móta raunhæfa stefnu varðandi norrænt samstarf í tengslum við Evrópusamstarf innan ESB og í því samhengi hlutverk Norrænu ráðherra nefndarinnar sem þátttakanda í tengslum við „Norðlæga vídd“ ESB. Það er augljóst að norræn stefna varðandi samstarf við grannana á Vestur-Norðurlöndum snertir jafnframt ESB-samstarf með tilliti til Norðlægrar víddar ESB, sem nær allt til Grænlands í vestri. Þetta er enn frekar undirstrikað af svonefndum „Norðurskautsglugga“ Norðlægrar víddar, sem boðar aðild ESB að málefnum norðurskautsins. Frá öðru sjónarhorni eru Norðurlönd líka í nábýli við Norður-Ameríku – og þá fyrst og fremst við austurhéruð Kanada. Á meðal annarra

grannsvæða Vestur-Norðurlanda má til að mynda nefna Norður-Írland og Írland ásamt norðurhluta Bretlandseyja.

Í fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2003, Stefnt að frumkvæði, er m.a. gert ráð fyrir að tekin verði til athugunar sameiginleg forgangsverkefni í samvinnu við strandsvæði grannríkjanna á Vestur-Norðurlöndum. Í hnotskurn þýðir þetta að það er norrænt hagsmunamál – þar sem jafn er vinningurinn – að keppa að því að auka pólitískt gildi samstarfsins, bæði þess sem fyrir er og þess sem stofnað verður til á næstu árum í formi norræns samstarfs á Vestur-Norðurlöndum og í grannríkjum þeirra. Til að svo megi verða verður faglegi geirinn innan Norrænu ráðherranefndarinnar að veita þeim eigin verkefnum forgang sem miðast að auknu samstarfi við þessi svæði.

3. Þungamiðja greinargerðarinnar

Vestnorræn samvinna getur snúist um samskipti vestnorrænna landa/svæða sín á milli, samstarf Vestur-Norðurlanda við grannsvæðin – eða milli Norðurlanda og grannsvæða þeirra í vestri. Í hugtakinu getur falist samstarf vestnorrænna landshluta eingöngu eða milli norrænna hagsmunaaðila og landshluta. Auk þess er töluvert um tvíhliða samstarf milli einstakra norrænna landa og landa/svæða á Vestur-Norðurlöndum eða granna þeirra. Í því sem hér fer á eftir eru sjónarhornin nánar skýrð með dæmum um ýmsar gerðir samstarfs. Í greinargerðinni er kastljósinu einkum beint að norrænu samstarfi á Vestur-Norðurlöndum ásamt Norðurlöndum sem samstarfsaðila við grannsvæði Vestur-Norðurlanda. Jafnframt hlýtur vinnuhópurinn að taka fram að í mörgum tilvikum getur það virkað annarlega að greina á milli samstarfs á og utan Vestur-Norðurlanda.

Norrænt samstarf á Vestur-Norðurlöndum byggist – sem og opinbert norrænt samstarf í heild sinni – á Helsinkisáttmálanum ásamt ýmsum öðrum meginsáttmálum/samningum sem skýra nánar eða bæta við ákvæði Helsinkisáttmálans um samstarf á vissum sérsviðum. Þar sem gengið er út frá hefðbundnu samstarfi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar í þessari greinargerð er sjónum einkum beint að samstarfi sem heyrir undir eftirfarandi grein, 2.2.

Einn þátturinn í vinnu „Spekingaumræðuhópsins“ 1999-2000 var að semja sérstaka skýrslu ásamt yfirliti yfir ýmsa alþjóðasáttmála/samninga, sem hafa sérstaka þýðingu fyrir varnir gegn mengun hafsins eða verndun auðlinda hafsins. Þessir samningar hafa augljóst rammagildi – og eru oft stjórnæki – í samstarfinu, sem hefur sérstakt raungildi á Vestur-Norðurlöndum, en þau byggja afkomu sína á sjávarfangi. Samningarnir eru líka mikilvægir fyrir verndun norrænna innhafa og það undirstrikar norræna hagsmuni.

Hvað þátttöku Norðurlanda í milliríkjasamstarfi innan ESB eða EES varðar breytir hún engu um norrænt samstarf á Vestur-Norðurlöndum og við granna þeirra. Engir af þeim samningum sem hér hafa verið nefndir fela í sér takmarkanir á frekara samstarfi.

Jafnframt verður að líta á það sem ónauðsynlegt og óhagkvæmt að sækjast eftir því að skapa norrænum samningum á Vestur-Norðurlöndum frekari sérgrundvöll. Nauðsynlegur formlegur samningsgrundvöllur er þegar fyrir hendi sem fullnægir því samstarfi sem óskað er eftir og ákveðið er á pólitísku sviði.

3.1 Samvinna utan ramma Helsinkisáttmálans

3.1.1 Svæðisbundið vestnorrænt samstarf

Samstarf milli vestnorrænna landa/sjálfstjórnarsvæða sín á milli hefur þróast árum saman. Stjórnarleiðtogar halda árlega fundi. Vestnorræna ráðið er þyngdarpunkturinn í skipulögðu samstarfi þinganna. Ráðið getur lagt tilmæli fyrir ríkisstjórn Íslands, landsstjórnina í Færeyjum og heimastjórnina á Grænlandi og þann hluta þingheims sem fjármagnar starfsemi stjórnarinnar, en hún hefur aðsetur á Íslandi. Yfirvöld vinna saman á ýmsum sviðum í formi samstarfsverkefna, tengslasamstarfs og þar fram eftir götunum. Svæðastjórnir vinna m.a. saman innan hráefnis/auðlindasviðsins (m.a. að samþættingu

iðnaðar á hafi úti) og innan heilbrigðisgeirans (m.a. samningar um sjúklingameðferð: Grænland-Ísland. Eða umhverfislækningar á norðurskauti: Grænland, Færeyjar og Danmörk. Eða áfengismeðferð: Grænland-Ísland). Samstarf um ferðamannaþjónustu er skipulagt af Vestnorræna ferðamálaráðinu (VNTB). Hún fer einnig fram í tvíhliða samstarfi: „Samstarf Íslands og Grænlands um ferðamannaþjónustu“ (SAMIK) og „Samstarf Íslands og Færeyja um ferðamannaþjónustu“ (FITUR). Hvort tveggja byggist á formlegum samningum. Árviss viðburður í því samstarfi er viðskiptalegs eðlis: Vestnorræni ferðamálamarkaðurinn. Þriggja ára samningur um vestnorræna samvinnu varðandi menningu, menntun og rannsóknir rann út árið 2002 en er nú í endurnýjun. Vestnorræn barnabókaverðlaun voru veitt í fyrsta sinn árið 2002. Verið er að semja um áframhald á því fyrirkomulagi.

3.1.2 Norrænt samstarf byggt á sérstökum samningsgrundvelli.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda er samstarfsstofnun sem lánar og gengur í bankaábyrgð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Að stofni til er hann fjármagnaður af öllum Norðurlöndunum ásamt sjálfstjórnarsvæðunum Grænlandi og Færeyjum. Sjóðurinn hefur aðsetur á Íslandi. Stofnunin og fjárhagsleg undirstaða hennar byggjast á sérsamningi milli norrænna ríkisstjórna (svipað og t.d. Norræni fjárfestingarbankinn). Fjárhagslega er sjóðurinn óháður stofnunum Norrænu ráðherranefndarinnar. Samkvæmt samþykktum hans skal Norræna ráðherranefndin þó taka ákvarðanir um aukningu höfuðstóls, endurskoðun eða niðurlagningu. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda hefur á undanförunum árum lagt fram fé til Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA), sjá gr. 2.2. Þar sem alþjóðavaxtaþrósentu er nú lág getur frekari fjárhagsaðstoð reynst erfið.

3.1.3 Tví- eða fjölhliða samstarf sem Vestur-Norðurlönd og grannríkin/svæðin eiga aðild að.

Vestnorrænu löndin/sjálfstjórnarsvæðin eiga í samstarfi í óháðu Norrænu forsætisráðherranefndinni bæði hvert um sig og í félagi við grannlönd eða grannsvæði. Samstarfið getur verið allt frá gagnkvæmum heimsóknum á pólitíska sviðinu upp í kerfisbundnara faglegt eða opinbert samstarf. Dæmi um slíkt er samningur Grænlandinga um samstarf við sjálfstjórnarsvæðið Nunavut í Norðaustur-Kanada ásamt samningi Íslendinga um samstarf við Kanada, þar á meðal um samframleiðslu á hljóð- og myndefni ásamt samningi um almannatryggingar. Önnur dæmi um formlegt samstarf er að finna í NAMMCO varðandi hval- og selveiðar (North Atlantic Marine Mammal Commission með skrifstofu í Tromsø), í verkefninu Northern Periphery (fjármagnað af ESB og eftir því sem við á öðrum ESB-aðilum), innan ramma Norðlægrar víddar (ND) ESB eða í Norðurskautsráði (AC) og Barentsráði (BEAC). Í Norðurskautsráði og Barentsráði eru Grænland og Færeyjar hluti af sendinefnd konungsríkisins Danmerkur.

3.2 Samstarf innan ramma Helsinkisáttmálans

3.2.1 Norrænt samstarf á Vestur-Norðurlöndum

Hluti samstarfsins á Vestur-Norðurlöndum fer fram á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og þar með innan ramma Helsinkisáttmálans. Þar er t.d. um að ræða norræn menningarhús, Eldfjallastöðina, rannsókn á úthafsloftslagi eða norðurheimskautinu, ásamt annarri starfsemi innan hinna ýmsu faggeira sem helguð er Vestur-Norðurlöndum. Norræna Atlantsnefndin (NORA) með skrifstofu í Þórshöfn er dæmi um vestnorrænt svæðasamstarf innan stofnana sem Norræna forsætisráðherranefndin (ráðherrar byggðamála) fjármagnar. NORA er ein af átta norrænum landamærasvæðastofnunum. Markmiðið er að koma á tengslaneti/samstarfi og felur einkum í sér stuðning við nýsköpun í atvinnumálum, m.a. með fjárhagslegum stuðningi við verkefni (sjá fylgiskjal).

3.2.2 Norrænt samstarf sem snertir grannríki/svæði Vestur-Norðurlanda.

Norðurlönd hafa í samstarfi innan ramma Norrænu ráðherranefndarinnar séð sameiginlegan hag í að fjármagna – alveg eða að hluta til – og standa að norrænni starfsemi í grannríkjum/svæðum Vestur-Norðurlanda vestri, eða með þátttöku þessara aðliggjandi svæða. Menningaráætlunin Network North er dæmi um norræna menningaráætlun sem hefur í rúmlega tíu ár falið í sér ýmsa starfsemi í ýmsum borgum á Írlandi, Englandi, Norður-Írlandi og Skotlandi ásamt Vestur-Norðurlöndum og öðrum Norðurlöndum. Vikings – The North Atlantic Saga er enn ein menningaráætlunin og hefur á árunum 2000-2003 átt sína þungamiðju á Vestur-Norðurlöndum, í Bandaríkjunum og Kanada. Sýningin „Veiðimenn í útnorðri“ fellur líka undir það.

Aftur og aftur hafa ráðstefnur verið haldnar um umhverfi Norður-Atlantshafs í samvinnu við gístillandið og Norrænu ráðherranefndina. Á undanförunum árum hafa ráðstefnurnar verið haldnar í Reykjavík eða Þórshöfn – enn ein var haldin á Hjaltlandseyjum í októberbyrjun 2003 – með þátttöku Norðurlanda og annarra landa umhverfis Norður-Atlantshaf. Byggðamálageirinn hefur á tíu ára tímabili átt samstarf við Skotland með sérstakri fjárveitingu. Þangað má rekja tilurð millisvæðaaætlunarinnar Northern Periphery Programme, sem er beinlínis stjórtæki fyrir Vestur-Norðurlönd/Norður-Atlantshafssvæðin. Fjögur Norðurlandanna taka þátt í millisvæðasamstarfinu (að undanskilinni Danmörku) og tvö sjálfstjórnarsvæði (að undanskildum Álandseyjum). Skosk-norræna svæðasamstarfið byggist á framkvæmdaáætlun (Action Plan) fyrir 2001-2005. Haustið 2003 hélt svæðageirinn skosk-norræna ráðstefnu í Svíþjóð og verður henni fylgt eftir með sams konar ráðstefnu í Skotlandi. Haustið 2002 hélt Norræna ráðherranefndin ráðstefnu í Edinborg um „Co-operation in the West-Nordic Sphere“ með þátttöku fjölda norrænna og skoskra ráðherra, þingmanna og embættismanna, en þar var reynsla af opinberu norrænu samstarfi í brennidepli. Til að fylgja henni eftir ákváðu samstarfsráðherrarnir á fundi í desember 2002 að bjóða sendinefnd skoskra embættismanna í heimsókn til aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, þannig að aðilar gætu í sameiningu komist að niðurstöðu um það hvort ástæða væri til frekara samstarfs á einu eða fleiri fagsviðum. Fundurinn var haldinn í maí 2003.

4. Pólítísk átakssvið á Vestur-Norðurlöndum og grannsvæðum

Það norræna samstarf sem fyrir er felur í sér ýmsa starfsemi bundna við Vestur-Norðurlönd. Það sýnir að þar er ekki aðeins um hagsmuni vestnorrænna landa/svæða að ræða, heldur eiga hin Norðurlöndin einnig grundvallarhagsmuna að gæta í þessu sérstaka átaki. Tillögur eða hugleiðingar um það hvernig skýra megi og gera pólítískt sýnilegra norrænt samstarf við Vestur-Norðurlönd og hlutaðeigandi granna þeirra verða að byggjast á grunni sem tryggir að Norðurlönd standi í heild sinni á bak við átakið og veiti því raunverulegan forgang, sem og öðru grannsvæðasamstarfi á Norðurlöndum.

4.1 Kortlagning átakssviða norræns samstarfs á Vestur-Norðurlöndum

Í því sem hér fer á eftir verður bent á ýmis núverandi eða hugsanleg pólítísk átakssvið þar sem halda má starfinu áfram eða hrinda því úr vör sem lið í norrænu samstarfi á Vestur-Norðurlöndum á næstu árum, þar sem miðað er við að efla sjálfbæra þróun í samræmi við norræna áætlun: „Sjálfbær þróun – ný stefna fyrir Norðurlönd“, meginreglur Ríó-yfirlýsingarinnar og Agenda 21 – umhverfis-, efnahags- og félagsmál. Kaflinn er settur fram sem hugmyndaskrá og hvatning fyrir hin ýmsu fagráðherraráð við umfjöllun um verkefnaforngang. Öll þau þemu sem hér eru rakin eru talin mikilvæg og henta sem miðlægir þættir í norrænu samstarfi á Vestur-Norðurlöndum. Þau eru einnig talin mikilvæg fyrir samstarf vestnorrænna aðila sín á milli.

4.1.1 Náttúruauðlindir

Umhverfi sjávar: Stefna og rannsóknir. Augljóst er að fólki sem býr við hafið og fyrirtækjum sem þar eru rekin og nýta sér auðlindir þess ber skylda til – og ættu að sjá sér hag í – að fylgjast með ástandi hafsins og þróunartilhneigingum. Pólítísk yfirvöld verða að ganga þar fram fyrir skjöldu og lýsa sig fús til að axla ábyrgðina á umhverfisvöktun sjávar.

Auðlindir: Notkun og stefna. Þeir sem nýta sér sjávarauðlindir verða stöðugt að leitast við að veita upplýsingar og samhæfa, leitast við að finna sameiginleg gildi sem samsvara stefnu og aðferðum, þannig að sérfræðihugtök fari ekki á milli mála þegar rætt er um sama hlutinn. Tæknilegt samstarf nægir ekki þegar svo mikilvæg mál eiga í hlut.

Sjálfbær þróun og umhverfisvernd. Sjálfbær þróun sjávarauðlinda – lífs sem liðinna – umhverfisvernd hafsins, meðferð úrgangs, sjálfbær orkuframleiðsla, samvinna milli þjóðgarða á svæðinu.

4.1.2 Rannsóknir

Loftslagsrannsóknir; verkefni í loftslagsrannsóknnum stendur nú yfir og er áætlað að því ljúki á árinu 2005. Sá árangur sem þegar hefur náðst bendir til að halda beri

rannsóknunum áfram, e.t.v. með nýjum framkvæmdaaðilum. Talið er að þær nýttist Norðurlöndum vel.

Rannsóknir; varðandi auðlindir og umhverfi Norður-Atlantshafs; þar er vísað til Þórshafnaryfirlýsingarinnar um samstarf um verndun hafsins og sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda í Norður-Atlantshafi, 22. júní 2000. (Torshavn Declaration on Cooperation on the Protection of the Sea and the Sustainable Use of Living Marine Resources in the North Atlantic.)

Norðurskautsrannsóknir; þær rannsóknir á svæðinu sem nú eru í fararbroddi varðandi aðstæður á norðurskauti, m.a. umhverfi sjávar. Stefnu í slíkum frumkvæðismálum má móta sem lið í þeirri vinnu sem nú stendur yfir varðandi nýja NMR-rannsóknarstefnu (vinnsla fer nú fram á „hvítbók“ um rannsóknir og þróun).

4.1.3 Þema 3: Menntun

Fjarkennsla; dreifbýli í vesturhluta Norðurlanda hentar vel til áframhaldandi þróunar sem enn er í mótun á bestu lausnum varðandi þetta markmið. Norðurskautsháskólinn (University of the Arctic) er gott dæmi um þetta en þar taka 40 háskólar í Kanada, Finnlandi, Rússlandi, Noregi, Danmörku, Íslandi, Grænlandi, Bandaríkjunum og Færeyjum þátt í að móta fjarskóla á akademísku stigi.

Menntasamstarf; í mörgum tilvikum hafa Vestur-Norðurlönd hvorki nægilegt fjármagn né mannafla til að tryggja fjölbreytt framboð á sérnámi, einkum hvað varðar framhaldsnám og langskólanám (á háskólastigi). Þetta má bæta þeim upp með auknu akademísku samstarfi milli háskóla og framhaldsskóla. Áætlun fyrir eyjar Norður-Atlantshafsins (North Atlantic Island Programme) var ýtt úr vör á Prince Edwardseyju árið 1992. Aðild að henni eiga háskólamenn frá Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum ásamt Prince Edwards-eyju, Nýfundnalandi, Mön, Isle of Skye og Cape Breton. Hér er komið dæmi um hvernig auka mætti samstarf.

Málasamstarf; veita ætti forgang samstarfi um vinnslu orðabóka og rafrænna málagnasafna til að stuðla að bættum málskilningi á Vestur-Norðurlöndum og milli Vestur-Norðurlanda og annarra Norðurlanda. Þetta gæti einnig orðið til eflingar norrænni málhefð.

Menntunarhreyfanleiki; eins er það sjálfstjórnarsvæðunum í hag að auka tækifæri til hreyfanleika. Vinnuhópurinn minnir á að menntamálaráðherrarnir (MR-U) hafa lagt fram drög að mati fyrir samstarfsráðherrana (MR-SAM) varðandi stuðning við hreyfanleika innan norrænna samfélaga. Um áramótin 2003/4 kom til framkvæmda áætlun um hreyfanleika (Nordplus junior) á sviði grunn- og framhaldsskólamenntunar. Þar hafa nemendaskipti til og frá Vestur-Norðurlöndum sérlegan forgang.

4.1.4 Þema 4: Heilbrigðismál

Heilbrigðismál: Fjarlækningar; Vestur-Norðurlönd, norska strandlengjan og grannarnir í vestri henta vel sem þróunarsvæði til hagkvæmrar notkunar á þessari tækni í stórum stíl. NMR hefur stuðlað að stofnun Norræna fjarlækningafélagsins sem rekur uppruna sinn til Vestur-Norðurlanda. Auk þess vinnur Norræna ráðherranefndin að endurnýjun á heilbrigðisáætlun fyrir Barentssvæðið í samstarfi við „Partnership on Public Health and Social Wellbeing“ innan ramma Norðlægrar víddar ESB. Þar er efst á baugi og forgangsatriði skýrsla um heilbrigðisástand á heimskautsvæðunum.

Eftirlit með matvælum; Vestnorræna málþingið um matvælaeftirlit getur eftt samræmingu á gæðakröfum og jafnframt lagt sitt af mörkum til að eftirlitið með matvælum á Vestur-Norðurlöndum verði virkara.

Samstarf sjúkrahúsa; í hinum tiltölulega fámennu og dreifðu byggðum á vissum svæðum á Vestur-Norðurlöndum er grundvöllur fyrir skynsamlegum sjúkrahúsrekstri með sérhæfðri þjónustu oft ófullnægjandi. Aukið samstarf sjúkrahúsa getur kannski jafnað upp þessa veikleika, svo framarlega sem það er fjárhagslega samkeppnisfært við aðrar lausnir.

4.1.5 Atvinnuvegir, flutningar, ferðaþjónusta, samgöngur, vinnumarkaður

Aðdrættir á jaðarsvæðum, flutningar og samgöngur; þær sérstöku aðstæður sem ríkja við flutninga á fólki og/eða vörum á þessum svæðum eru grundvöllur nánara samstarfs um aðdrætti. Flugsamgöngur við umheiminn og skipaflutningar með vörur og þjónustu skipta sköpum bæði fyrir einka- og opinbera geirann á Vestur-Norðurlöndum sem og frjáls félagasamtök þar, auk tengingar Vestur-Norðurlanda við önnur Norðurlönd.

Rafræn samskipti – IKT – á þau verður að líta sem forgangspema í samstarfinu. Sjálf tæknin/verkfærin geta skipt sköpum fyrir tengslanetsuppbýggingu og afkomuþróun á fámennum og dreifðum svæðum.

Ferðaþjónusta, menningarferðaþjónusta eða vistvæn ferðaþjónusta; efla verður samstarf varðandi ferðaþjónustu og tryggja samþættingu hinna ýmsu áætlana sem þar eru í gangi, en þar á meðal er ESB-áætlunin: „Sustainable Tourism in the Northern Periphery“. Vinna er nú hafin á vegum ráðherranefndar vinnumála við „Strategi for arktisk bæredygtig turisme“ (Stefnumörkun í sjálfbærri ferðaþjónustu á norðurskautssvæðunum). Þetta er til viðbótar þeirri undirbúningsvinnu sem fer fram á vegum umhverfisgeirans.

Leitar- og björgunarþjónusta á Norður-Atlantshafi hefur áfram forgang á samstarfslistanum.

Byggingartækni við norðurskautsaðstæður; hér reynir einkum á vegna loftslags og legu og þekking á húsbyggingum á þessum svæðum eykst stöðugt. Aukna þekkingu og reynslu ber að nýta sem best, að einu leytinu til við skyld byggingarverkefni, að öðru leyti eftir því sem hún getur nýst við byggingar þar sem loftslag er mildara. Þessari reynslu og þekkingu er safnað saman undir einn hatt á Grænlandi, Sisimut, með stuðningi danska Tækniháskólans.

Vinnumarkaðurinn á afskekktum svæðum; eitt af úrlausnarefnum vinnumálageirans er endurhæfing og samhæfing vinnuafis á afskekktum svæðum. Þar er gengið út frá Grænlandi ásamt norrænum samanburðarhópi. Íslensk áætlun varðandi þetta er í burðarliðnum.

4.1.6 Neytendur/neytendavernd

Neytendasamstarfi veitir Norræna forsætisráðherranefndin forgang með því að „styðja og styrkja skipulagningu og fjármögnun á þróun neytendastefnu á Vestur-Norðurlöndum“ (framkvæmdaáætlun). Árið 2002 veitti Norræna forsætisráðherranefndin Færeyingum styrk til að stofna neytendasamtök og á árinu 2003 studdi hún samstarfsverkefni vestrænna neytendasamtaka varðandi myndun verðlags á innfluttum vörum til eyjanna á Vestur-Norðurlöndum, ásamt lýsingu á neytendasamtökum og samræmingu á vestnorrænum svæðum í samanburði við önnur norræn lönd.

4.1.7 Menning

Lista- og menningarsvið; til að mynda í framhaldi af verkefnum „Network North“ eða „Vikings – The North Atlantic Saga“ eða „Veiðimenn í útnorðri“ – Veiðimenning á Norðurlöndum. Fleira má þó telja til forgangsmála, til að mynda strandmenningu. Menning og náttúrufröðun á Vestur-Norðurlöndum og grannsvæðunum eru á margan hátt svipaðar og sambærilegar.

Frumbyggjar; veita skyldi samstarfi og stuðningi varðandi menningu og lífskjör frumbyggja á Vestur-Norðurlöndum og án tillits til landamæra, eins og t.d. inúítasamstarfi, sérstaka athygli. Sjálfbær ferðaþjónusta getur í vissum tilvikum skotið styrkari stoðum undir menningu frumbyggja og þar fram eftir götunum, þar sem hún gefur af sér tekjur sem gera það mögulegt að halda við dreifðri byggð í landinu.

Íþróttir eru ein vinsælasta iðja almennings þar sem grunnþættir þeirra tengja saman samveru og keppni. Hvort heldur maður er þátttakandi eða áhorfandi er þar skírskotað til samskipta þar sem landamæri eru úr sögunni. Innan menningargeirans hefur verið ákveðið að núverandi kerfi til styrktar íþróttasamstarfi milli vestnorrænna landa skuli tekið til athugunar.

4.1.8 Samstarf um tengslanet

Samstarf um tengslanet byggt á IKT; að því ber að huga innan allra samstarfssviða, bæði þeirra sem fyrir hendi eru og mögulegrar starfsemi, sbr. þema 5 hér að ofan.

Jafnréttismál/Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða (gender mainstreaming); m.a. skal hér vísað til ráðstefnunnar „Taking Wing“ sem haldin var haustið 2002, skipulögð af Norðurskautsráði í samvinnu við Norrænu forsætisráðherranefndina.

Góðir stjórnhættir – bestu aðferðir (Good governance – best practice); samvinna sveitarfélaga, samvinna dreifðra byggða fremur en formlegt samstarf. Vísað er til áður nefndrar ráðstefnu í Edinborg í nóvember 2002 og aðgerða til að fylgja henni eftir.

4.2 Kortlagning átakssviða í norrænu samstarfi við granna Vestur-Norðurlanda

Mörg af þeim átta þeimum sem nefnd voru í kafla 3.1. hafa líka gildi fyrir norrænt samstarf við granna Vestur-Norðurlanda, m.a. af því að þau geta átt við hvaða lönd sem er. Það á t.d. við um allt sem tengist umhverfi hafsins og auðlindum þess, rannsóknir í sambandi við það ásamt framhaldsmenntun, menningu, fjarlækningum, flutningum og björgunarþjónustu í svæðisbundnu samhengi.

Samstarfsráðherrar samþykktu á fundi 16. desember 2002 að nota Norrænu forsætisráðherranefndina í mun virkari mæli sem framkvæmdaðila í samstarfinu við aðrar umdæmisstofnanir á milliríkjasviði svo sem Eystrasaltsráð, Barentsráð, Norðurskautsráð og ESB. Samstarfsráðherrar samþykktu alls sjö tillögur sem nú eru á framkvæmdastigi.

Eitt átakið felst í þróun stefnu Norrænu forsætisráðherranefndarinnar varðandi framlag til þróunar „Norðlægrar víddar“ ESB, þar með talið „Norðurskautsgluggans“, sem hlýtur jafnframt að vera pólitískt forgangsmál í sambandi við stefnu Norrænu forsætisráðherranefndarinnar í grannsvæðamálum eða norðurskautssamstarfi og ESB-

samstarfi yfirleitt. Fagráðherrar munu jafnframt njóta stuðnings aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar sem mun miðla reynslu sinni til faggeira um það hvernig best sé að undirbúa og byggja upp ESB-samstarfið á stigi ráðherrafrunda með tilliti til sérsviðs hvers geira um sig.

Að boði ESB-nefndarinnar afhenti Norræna ráðherranefndin nefndinni greinargerð í marsbyrjun 2003 varðandi hlutverk Norrænu forsætisráðherranefndarinnar í framkvæmd „Framkvæmdaáætlana Norðlægrar víddar 2004-2006“ (NDAP). Þar er vísað til þess að Norræna ráðherranefndin eigi möguleika á því – og óski þess raunar – að láta til sín taka á fjölda fagsviða, þar á meðal er „efnahagslíf & grunngerð þess“, „menntun og rannsóknir“, „sjálfbærni & auðlindir“, „samstarf við landamærasvæði & þróun“, „vinnumarkaður & og samþætting“ ásamt nýju sviði innan Norðlægrar víddar – „menningarsamstarfi“.

Í sambandi við norðurskautssvæðið er sérstaklega bent á séráttak til stuðnings sjálfbærri þróun, bæði á sviði efnahagsmála og auðlinda, ásamt þróun mannauðs með menntun og stóráukinni notkun upplýsinga- og samskiptatækni.

5. Tilmæli vinnuhópsins

Þegar lítið er til kortlagningar á mikilvægum þemum til framhalds á eða eflingar norrænu samstarfi á Vestur-Norðurlöndum og grannsvæðum er það mat vinnuhópsins að eftirfarandi tillögur ættu að leiða til betri nýtingar á norrænu samstarfi með sérstakri áherslu á þá starfsemi sem lögð er til. Vinnuhópurinn mælist til að tillögurnar verði lagðar fram fyrir samstarfsráðherrana (MR-SAM). Gert er ráð fyrir að kostnaður í tengslum við tillögurnar verði tekinn til meðferðar í hverju tilviki fyrir sig.

5.1 Umhverfi sjávar og auðlindir

Vestur-Norðurlönd og grannar þeirra eiga það sameiginlegt að vera háð Norður-Atlantshafi og jafnframt hljóta hin Norðurlöndin að taka tillit til þess. Möguleikar og vandamál í sambandi við hafið kalla gagngert á þverfaglegt samstarf milli ríkja til að tryggja sjálfbæra þróun. Lagt er til að heildartök á umhverfi Atlantshafs og undirstöðuauðlindum þess verði tryggð með frekari Norður-Atlantshafsráðstefnum í framhaldi af þeim sem haldnar hafa verið. Árið 2003 var slík ráðstefna haldin á Hjaltlandi. Norðurskautsrannsóknir ættu stöðugt að treysta þekkingargrunninn. Meta ætti með vissu millibili hvort sá samningsgrunnur sem fyrir er henti sem lyftistöng fyrir samstarf um umhverfi Norður-Atlantshafs og auðlindir þess. Ennfremur er lagt til að metið verði hvort grundvöllur sé fyrir því að festa samstarfið betur í sessi með breiðri alþjóðlegri þátttöku.

5.2 Flug- og aðrir flutningar á Vestur-Norðurlöndum

Flutningaleiðir skipta sköpum fyrir framleiðslugreinar, ferðamennsku og persónuleg samskipti á Vestur-Norðurlöndum – og svo tengsl Vestur-Norðurlanda við önnur norræn ríki. Fámenni og miklar vegalengdir koma þó oft í veg fyrir arðsemi af rekstri samgönguleiða. Norðurlandaráð hefur spurst fyrir hjá Norrænu ráðherranefndinni um stuðning til að koma á fót áætlunarflugi milli Færeyja, Íslands og Grænlands. Í fyrsta lagi eru vissar samgöngur milli svæða fyrir hendi. Í öðru lagi hefur Norræna ráðherranefndin augljóslega engin tók á því að leggja fram fjármagn í slíku samhengi. Einnig virðist óhentugt að horfa bara til einnar fastrar flugleiðar sem yrði svo að samræma við aðra flugumferð á svæðinu. Hins vegar leggur vinnuhópurinn til að kannaðir verði möguleikar á framkvæmd heildargreiningar á samgöngum og grunngerð þeirra á óháðum og faglegum grunni, bæði hvað varðar flug- og skipasamgöngur milli landa á Vestur-Norðurlöndum og milli þeirra og annarra landa. Markmiðið ætti að vera að skapa grundvöll fyrir heildarmat sem bættist þá t.d. við evrópskar áætlanir um „Transeuropean Network“ og yrði því komið í hendur þeirra sem fara með ákvarðanavaldið, þ.e.a.s. þeirra stjórnámálanna sem bera ábyrgð á samgöngum í sínu landi.

5.3 Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

Núverandi starfsemi Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda miðast við þarfir atvinnuveganna. Þeirri starfsemi verður að halda áfram. Kanna ætti nánar forsendur þess að veita breiðari hópi aðila á meðal granna Vestur-Norðurlanda aðgang að sjóðnum. Fjölgun stofnaðila byggðist þá á því að aðilar legðu til með sér fjármagn. Slík stækkun ætti að vera eftirsóknarverð með það markmið í huga að skapa breiðara samstarf um starfsemi sjóðsins og tryggja þar með möguleika hans sem framkvæmdaðila að fjármögnun atvinnulífsins. Í því sambandi er lagt til að gerð verði úttekt á hagkvæmni nánara samstarfs milli Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda og Norræna fjárfestingarbankans.

5.4 Norður-Atlantssamstarf (NORA)

Betur þarf að samræma aðgerðir varðandi samstarfið á svæðinu. NORA er svæðabundin vestnorræn stofnun. Hlutverk hennar er einkum að stofna til tengslaneta/samstarfs og styðja nýsköpun í atvinnulífi með kostun verkefna. Það hlutverk mætti styrkja og jafnvel auka þannig að NORA starfaði í enn frekari mæli sem samræmingaraðili bæði fyrir samstarf á Vestur-Norðurlöndum og við grannsvæðin, líkt og aðrar svæðasamstarfsstofnanir á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Í því sambandi mætti einnig hugsa sér að þar væri aðsetur til funda um stefnumál á Norður-Atlantshafssvæðinu. Til stuðnings slíkum breytingum á starfseminni er mælt með því að grönnum Vestur-Norðurlanda verði boðin full aðild að NORA, einnig til að tryggja starfseminni fjárhagsgrundvöll. Menningarsamstarf í þrengri merkingu er þó ekki á starfssviði NORA, sjá hér fyrir neðan.

5.5 Norrænu húsín í Þórshöfn og Reykjavík og Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)

Frekari samræmingaraðgerða er þörf varðandi menningarsamstarfið á svæðinu. Tengslanetasamstarf Norrænu húsanna er á tiltölulega traustum grunni, en lagt er til að það verði aukið þannig að húsín geti tekið að sér hlutverk virks samræmingaraðila á næsta fullnægjandi hátt á menningarsviðinu. Tillagan miðast við að húsín taki á sínu sviði að sér hlutverk sem samsvarar hlutverki NORA, sem lýst er hér að ofan. Litið er svo á að þessir tveir samræmingaraðilar myndi eina heild. Í sambandi við þetta veitti vinnuhópurinn sér til ánægju því athygli að nú eru svæði Kanada lengst í austri talin með í NAPA – nýrri stefnu stofnunarinnar.

5.6 Tengslanet og samvinna milli frjálsra félagasamtaka á Vestur-Norðurlöndum

Tengslanet og samvinna geta skipt sköpum t.d. fyrir menningarmál, starfsemi frjálsra félagasamtaka, möguleika barna og unglínga til samveru, nemendaskipti og þar fram eftir götunum. – Jafnframt geta virk tengsl við frjáls félagasamtök á grannsvæðum Vestur-Norðurlanda stuðlað að þróun heildarbræðralags á svæðinu. Með stuðningi stjórnvalda og atvinnulífs sér Norræna félagið á Íslandi í samstarfi við „Canada Iceland Foundation“ um svonefnt Snorra-verkefni sem annast ungmennaskipti. Samvinna við stjórnvöld varðandi hugsanlegan rekstrarstuðning (húsnæði, aðstaða o.s.frv.) skiptir oft sköpum.

6. Samband Norðurlanda við granna í suðvestri og vestri

Í kaflanum hér á undan er bent á ýmis svið, þar sem hægt er að auka svæðasamstarf á Vestur-Norðurlöndum og norrænt samstarf milli Vestur-Norðurlanda og annarra Norðurlanda, svo framarlega sem pólitískur vilji er til að veita því forgang. Í reynd eru mörg þeirra úrlausnarefna sem hér eru nefnd af milliríkjatoga, eða þá að málið snýst um spursmál sem eru af öðrum ástæðum sameiginleg, t.d. sérvandi fámennra samfélaga við að fylgjast með í efnahagsþróuninni.

Eins og áður er sagt vakti það athygli vinnuhópsins að Norræna ráðherranefndin hefur komið á samstarfi í ýmsum myndum í sambandi við svæði sem eru bæði norðan, austan og sunnan við norræn lönd. Raunar er grannpólitíkin af ýmsum toga á hinum ýmsu stöðum, þar sem grannarnir eru af ýmsum toga. Það er skoðun vinnuhópsins að nú sé tímabært að raungera samstarfið við granna Vestur-Norðurlanda. Með þessu styður vinnuhópurinn þá pólitísku vísbendingu og þann forgang sem látinn var m.a. í ljós í „Nýrri norrænni dagskrá – nýjum stefnumálum“ sbr. líka kafla 1 varðandi bakgrunn greinargerðarinnar.

Vinnuhópurinn leggur jafnframt til að það sem þessi grannpólitík felur raunverulega í sér skuli fá að þróast um tíma með aðstoð áþreifanlegra verkefna og samstarfstengsla – og það eru samstarfsráðherrarnir, fagráðherrar hver um sig eða norrænar stofnanir sem bera ábyrgð á að þessi þróun verði í samræmi við þá stefnu og þau norrænu forgangsmál sem mótuð eru á sviði hinna ýmsu faglegu geira. Þessi valddreifing í ákvarðanatöku þýðir að hægt verður að sýna nauðsynlegan sveigjanleika við framkvæmdina, svo unnt sé að koma til móts við réttmæta hagsmuni nýrra samstarfsfélaga í væntanlegum samstarfstengslum.

Fyrst og fremst hlýtur að teljast hagkvæmt að prófa með vissu millibili hvernig gagnkvæmum hagsmunum verður best þjónað í samstarfi milli Vestur-Norðurlanda og granna þeirra. Það er samstarfsráðherra og viðkomandi ráðherraráða að meta hvaða aðferðir henta best í þessum málum, bæði fyrir þá og hugsanlega samstarfsaðila.

Vinnuhópurinn leggur til að samstarfsráðherrar fylgi þessum málum eftir í síðasta lagi eftir fjögur ár, með viðamiklu mati á þróun samstarfs á Vestur-Norðurlöndum og við granna þeirra.

Yfirlit yfir fylgiskjöl

1. Umboð vinnuhópsins varðandi Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi
2. Yfirlit yfir bakgrunnsefni; heimildir
3. Lýsing á norrænu Atlantssamstarfi (NORA)
4. Lýsing á Lánasjóði Vestur-Norðurlanda

Fylgiskjal 1

Umboð Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi

Samþykkt af MR-SAM
október 2002

NSK/MR-SAM 58/2002 (Rev. 2)
J. nr. 111891400201
8.10. 2002 nr/

Bakgrunnur

Á fundi samstarfsráðherra 21. ágúst 2002 var rætt um Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi (skjal NSK/MR-SAM 582002 með fylgigrein frá 18.2. 2002, Vestur-Norðurlönd í norrænni samvinnu – yfirlit, ásamt kynningu framkvæmdastjóra (GS) frá 26.8. 2002 glærur) og með tilvísun til umræðnanna var aðalritari beðinn að leggja fram tillögu að umboði fyrir greinargerð, sem yrði lögð fram til umfjöllunar á meðal samstarfsráðherra.

Markmið

Greinargerðinni er ætlað að lýsa möguleikum á að auka pólitískt vægi vestnorrænnar starfsemi á vegum NMR. Greinargerðin er unnin til notkunar í áframhaldandi pólitískum umræðum NSK/MR-SAM um úrlausnarefnið og á að fela í sér tillögu varðandi ákvarðanatöku um framkvæmd á stefnumörkuðum aðgerðum undir norrænni stjórn. Greinargerðin mætti einnig fela í sér hugleiðingar og tillögur til umfjöllunar í einstökum löndum/svæðum innan Norðurlanda.

Forsendur

Gert er ráð fyrir að í greinargerðinni sé greint á milli ýmissa sjónarhorna og samstarfsflata:

Norrænt samstarf á Vestur-Norðurlöndum innan ramma Helsinkisáttmálans

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við grannsvæði Vestur-Norðurlanda

Sérstakt svæðabundið vestnorrænt samstarf, t.d. með aðstoð Vestnorræna ráðsins

Sérstakt vestnorrænt samstarf við grannsvæði Vestur-Norðurlanda

Jafnframt er gert ráð fyrir að í greinargerðinni sé ekki stefnt að því að stofna til nýrra formlegra samstarfsgerða eða drög lögð að fjárhagsáætlunum bundnum við Vestur-Norðurlönd.

Verkefni

Greinargerðin skal m.a. fjalla um eftirfarandi atriði:

Núverandi umfang svæðabundins vestnorræns samstarfs og pólitísk kjölfesta

Norrænt framlag og stefna sem viðgengist hefur varðandi Vestur-Norðurlönd og grannsvæði þeirra

Opinber sjónarmið á því á hvaða hátt menn telja að Vestur-Norðurlöndum hafi ekki verið sinnt sem skyldi

Að átta sig á hugsanlegum norrænum stefnumarkandi hagsmunum í tengslum við Vestur-Norðurlönd, þar á meðal:

Að átta sig á málaflokkum þar sem Norðurlönd sæju sér hag í gagnkvæmu samstarfi við grannsvæðin í vestri (t.d. Skotland, Orkneyjar, Hjaltland, Nýfundnaland, Norðaustur-Kanada)

Hugsanleg endurforgangsroðun á norrænu framlagi til að fylgja eftir „Norðlægri vídd“ ESB og „Norðurskautslugganum“ innan hennar

Möguleikar á fleiri vestnorrænum verkefnum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar eða öðrum aðgerðum sem eru pólitískt mikilvægar

Hlutverk frjálsra félagasamtaka í þessu sambandi

Þýðing sáttmála eða svipaðra samninga sem undirstöðu fyrir samstarf varðandi Vestur-Norðurlönd

Hætta á að norræn framlög bundin við Vestur-Norðurlönd eða þá framlög skorin við nögl verði til að þau hafni á jaðrinum

Hætta á að „innri svæðavæðing“ kljúfi norræna samstarfið

Auk þess ætti að taka fyrir atriði sem skipta máli fyrir markmið greinargerðarinnar.

Nýta skal eftir föngum efni, gögn og rannsóknir sem fyrir hendi eru og telja mætti mikilvæg til að koma verkefninu í höfn.

Skipulag

Skipa skal embættismannavinnuhóp til að koma verkefninu í höfn. Í honum skal vera einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna og sjálfstjórnarsvæðum:

Af hálfu Danmerkur: Naomi Pagh Abudi, fulltrúi/ Asif Parbst Amin, fulltrúi

Af hálfu Finnlands: Ingmar Ström, sendiráðsráðunautur

Af hálfu Íslands: Ragnheiður Harðardóttir, sérfræðingur

Af hálfu Noregs: Fridtjov Clemet, skrifstofustjóri (formaður)

Af hálfu Svíþjóðar: Ann Årefeldt, deildarstjóri

Af hálfu Grænlands: Jørgen S. Søndergaard, ráðunautur

Af hálfu Færeyja: Niels á Velbastað, fulltrúi

Af hálfu Álandseyja: Afsala sér fulltrúa

Ritari: Niels Refslund (NMR)

Noregur (formennska í Norrænu ráðherranefndinni 2002) fer með formennsku í vinnuhópnum þann tíma sem hópurinn starfar.

Skrifstofuhald annast Aðalskrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar.

Fjármögnun

Löndin og sjálfstjórnarsvæðin standa sjálf straum af öllum kostnaði varðandi þátttöku í vinnuhópnum, öflun gagna á landsvísu o.s.frv., ferðir og uppihald, samgöngur og þar fram eftir götunum.

Tímaáætlun

Vinnu skal hefja hið fyrsta og skal henni lokið í síðasta lagi í júní 2003 með afhendingu greinargerðar til Norrænu samstarfsnefndarinnar/samstarfsráðherranefndarinnar.

Fylgiskjal 2

Yfirlit yfir viðmiðunarefni (tilvísanir):

1. Umboð til að semja greinargerð um Vestur-Norðurlönd (MR-SAM/NSK 58/2002, Rev. 2), samþykkt af samstarfsráðherrum 30. október 2002 í Helsinki (sjá fylgiskjal 1 hér að ofan)
2. „Áætlanir og fjárhagsáætlanir“ Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2003.
3. Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi – yfirlit, 22.1. 2002 (endurskoðað 18.2. 2002), aðalskrifstofa Norrænu forsætisráðherranefndarinnar.
4. Tilmæli Norðurlandaráðs nr. 16/2002 varðandi Vestur-Norðurlönd, samþykkt af Norðurlandaráði 31. október 2002.
5. Álit Norðurlandaráðs og þingmannatillaga, „Réttum Vestur-Norðurlöndum hönd“, A 1275/forsætisnefnd.
6. Vestur-Norðurlönd – framtíð. Tillaga um átak til styrktar vestnorrænu samstarfi, skýrsla frá vinnuhópi skipuðum af Norrænu forsætisráðherranefndinni, Kaupmannahöfn 27.11. 1991.
7. Vestur-Norðurlönd innan Norðurlanda og Evrópu – sameiginleg úrlausnarefni og möguleikar á samstarfi, minnisgreinar vinnufundar 15. júní 2002 á Hótel Hafnía í Þórshöfn í Færeyjum, samdar af Hólmfríði Bjarnadóttur, Nordregio.
8. Skýrsla um Norræna námstefnu um samstarf á Norður-Atlantshafssvæðinu (Report on the Nordic Seminar on Cooperation in the North Atlantic Area), Norræna húsið, Reykjavík, 6. og 7. desember 1999
9. Spekingaumræðuhópur, „Fylgirit: Norðurlönd 2000 – Umvafin vindum veraldar“ október 2000, Norræna ráðherranefndin.
10. „West Norden and its neighbours“, Nordregio, Stokkhólmi, maí 2003.

Þessi takmarkaða greinargerð er unnin af Nordregio samkvæmt pöntun vinnuhópsins. Í „West Norden and its neighbours“, maí 2003, er að finna upplýsingar um samtals 16 lönd/svæði á og í kringum Vestur-Norðurlönd. Vinnuhópurinn tekur fram að afmörkun landsvæða stjórnast af hagsýnissjónarmiðum. Þar er ekki um neina endanlega skilgreiningu á Vestur-Norðurlöndum og grannsvæðum þeirra að ræða.

Fylgiskjal 3

Norður-Atlantssamstarfið (NORA)

Þórshöfn, 2. apríl 2003

Formlegur samningsgrundvöllur, stofnaðilar

NORA er samstarfsáætlun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, ráðherra byggðamála. Starfsemin byggist á ályktun norrænu ráðherranefndarinnar 1995 og hófst 1. janúar 1996. Nefnd var skipuð til að veita samstarfinu forstöðu, þar af tilnefna stjórnir fjögurra landa, Færeyja, Grænlands, Íslands og Noregs, allt að þrjá fulltrúa hver til nefndarsetu.

Samþykktir eða áþekkar starfsreglur

Norræna ráðherranefndin viðurkennir samþykktirnar og árlega er lögð fram skýrsla til Norrænu embættismannanefndarinnar.

Markmiðslýsingar; markhópar, verksvið

NORA stefnir að því að verða leiðandi tengslanet sem stuðla skal að þróunar- og nýsköpunarstarfsemi á svæðinu. Markhópurinn er fyrst og fremst atvinnufyrirtæki og verkefni NORA er að skapa og styrkja tengsl milli fyrirtækja og við þróunarbyggðir, ásamt stuðningi við þróun rammaskilmála fyrir atvinnulífið. Þar eru höfð í huga tengsl sem stuðla að því að þeir framleiðsluþættir sem fyrir hendi eru á svæðinu í heild nýtist fyrirtækjum og þróunarbyggðum betur. Umsækjendur geta þó líka verið yfirvöld eða einkaaðilar.

NORA-nefndin ákveður árlega áherslusvið innan stefnuáætlunarinnar.

Dæmigerð verkefni eða starfsemi

Til þessa verks skal NORA nýta og þróa það tengslanet og þá færni sem nefndin, skrifstofurnar og hlutaðeigandi þjóðir hafa þegar yfir að ráða. Þar myndi reynast vænlegt til árangurs að stuðla að uppbyggingu tengslaneta, þróa samstarf og framkvæma greiningar ásamt beinum samstarfsverkefnum.

Verkefnasviðið er breitt – tengslaferðir, verkefnapróun, undirbúningsverkefni, meginverkefni, málstofur, ráðstefnur, greiningar o.fl. Styrk er mest hægt að fá í þrjú ár og hámarksupphæð er 500.000 d.kr. á ári.

Rekstur/fjármögnun

Norræna ráðherranefndin veitir árlega fjárhæð frá svæðageiranum. Árið 2003 nam hún 4,365 milljónum danskra króna. Við það bætist árlegur skerfur sem nemur allt að 1,5 milljónum danska króna af rekstrarafgangi Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda.

Árlega eru notaðar 4-4,5 milljónir danskra króna til styrktar verkefnum. Hámarksfjárveiting er 50% af heildarkostnaði verkefnis.

Önnur framlög

Landsstjórn Færeyja leggur til skrifstofuaðstöðu, önnur lönd tengiliði.

Skrifstofuhald og staðsetning

Skrifstofan er í Færeyjum, en þar leggur landsstjórnin til skrifstofuaðstöðu. Starfsmenn eru þrír, þar af starfar einn að verkáætlunum. Hin löndin þrjú leggja til tengiliði. Í Noregi er um að ræða einn í landshlutanefnd Norður-Noregs og einn innan fylkjasamstarfs Vestur- og Suður-Noregs, SAVOS; í Grænlandi samkvæmt samkomulagi við Lánasjóð Vestur-Norðurlanda á skrifstofu hans.

Aðrir grundvallarþættir, þar á meðal samstarf við aðrar stofnanir

Skrifstofa NORA er svæðatengiliður við INTERREG „Northern Periphery“-áætlun ESB á Grænlandi og í Færeyjum. Hún vinnur í nánnum tengslum við stjórnvöld viðkomandi landa og svæða.

Fylgiskjal 4

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

Reykjavík 2003-05-01

Formlegur sammingsgrundvöllur, stofnaðilar

Samkvæmt samkomulagi 19. ágúst 1986 ákvað ríkisstjórn Danmerkur ásamt landsstjórnunum í Færeyjum og á Grænlandi og ríkisstjórnnum Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar að setja á stofn norrænan þróunarsjóð fyrir Vestur-Norðurlönd (Færeyjar, Grænland og Ísland).

Samþykktir eða áþekkar starfsreglur

Norræna forsætisráðherranefndin tekur ákvörðun um breytingu eða viðauka við samþykktir sjóðsins.

Markmiðslýsing; markhópar, verksvið

Norræni þróunarsjóðurinn fyrir Vestur-Norðurlönd, hér eftir kallaður Sjóðurinn, hefur að markmiði að styðja þróun fjölbæfis og samkeppnisfærs atvinnulífs á Vestur-Norðurlöndum með lánveitingum og styrkjum. Hann tryggir jafnframt framkvæmd verkefna í tengslum eða til ávinnings fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Lán, styrkir og trygging veitast því aðeins fyrirtækjum á Íslandi ef þar er um að ræða raunveruleg samstarfsverkefni milli þeirra og fyrirtækja í Færeyjum og á Grænlandi. Í því samhengi skal sjóðurinn styðja samstarf á sviði iðnaðar og tækni innan Vestur-Norðurlanda og milli Vestur-Norðurlanda og annarra Norðurlanda.

Dæmigerð verkefni eða starfsemi

Á Íslandi er dæmigert að veita lán til smáiðnaðar eða handverks, í Færeyjum til fiskvinnslu og annars iðnaðar, á Grænlandi til hótélrekstrar, ferðaþjónustu, smáiðnaðar og handverks.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda hefur samtals til útlána miðað við 1. apríl 2003 94,6 milljónir danska króna. Lánin ásamt eftirstöðvum miðað við 1. apríl 1003 skiptast þannig (í dönskum krónum): Ísland 24,3 milljónir, Færeyjar 35,9 milljónir og Grænland 34,4 milljónir.

Efnahagur/fjármögnun

Stofnfé Sjóðsins var 14,1 milljón dollara, samsvarandi u.þ.b. 91,3 milljónum danskra króna. Tekjur hefur sjóðurinn af útlánunum og eigin ráðstöfunarfé. Brúttótekjur eru háðar þróun vaxta á alþjóðamarkaði.

Önnur fjármögnun

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda leggur árlega fram til NORA allt að 1,5 milljónir danskra króna. Einnig greiðir hann kostnað af skrifstofuhaldi á Grænlandi. Sú vinna er NORA að kostnaðarlausu.

Skrifstofuhald og staðsetning

Aðalskrifstofan hefur aðsetur á Íslandi, en skrifstofa er einnig rekin á Grænlandi. Á Íslandi eru ársverkin 2,2 og á Grænlandi 1,0 ársverk. Skrifstofan í Reykjavík þjónar Færeyjum.

Aðrir grunnþættir, þar á meðal samstarf við aðrar stofnanir

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda kostar rekstur skrifstofu NORA á Grænlandi og er jafnframt svæðatengiliður fyrir INTERREG-áætlun ESB, „Northern Periphery“, á Grænlandi.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda tekur þátt í árlegri þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins.

Heildarútlán Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda miðað við 1. apríl 2003 fara fram úr upprunalegu stofnfé.